

Fundargerð Stjórnar FASK

1 fundur. 7. September 2020 kl 17:00

Fundinn sátu: Laufey Guðmundsdóttir, Ágúst Elvarsson, Bergþóra Ágústsdóttir, Matthildur Unnur Þorsteinsdóttir, Haukur Ingi Einarsson

Fundargerð ritaði: Laufey

1. Umræður sköpuðust um hvernig best væri að skipta verkum milli stjórnar:

Samþykkt að Haukur gegni formennsku fyrir FASK, Laufey sinni eingöngu störfum fyrir svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs, Ágúst verði fulltrúi FASK í Markaðsstofu Suðurlands. Bergþóra var kjörin gjaldkeri og Laufey ritari. Til vara hjá svæðisráðinu verði Haukur og til vara hjá Markaðsstofunni verði Matthildur. Nýjar samþykktir kyntar á fundinum.

2. Prókurumál félagsins:

Formanni og gjaldkera falið að koma því í réttan farveg

3. Verkefnalisti:

Formanni falið að gera minnisblað um neðangreindan verkefnalista í samræmi við umræður á fundinum.

a. Kynna félagið og nýja stjórn fyrir helstu stjórnvöldum, svo sem SVH, VJÞ, SAF, Markaðsstofunni, Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu, o.fl.

b. Kynna félagið fyrir félagsmönnum, fundum, greinum, maður á mann, e-mail lista.

c. Halda félagsfund á tímabilinu, a.m.k einn, gæti verið covid tengt efni, reyna fá nokkur erindi inn á fundinn til að gera hann aðlaðandi og að vekja eftirtekt

d. Koma á fót umræðuhópum, þar sem hægt er að kasta fram hugmyndum/erindum til mismunandi geira innan ferðapjónustan.

4. Fundaráætlun veturinn 2020 – 2021.

Möttu falið að gera drög að fundaráætlun fyrir veturinn 2020/2021.

Fundi slitið: 18:04